

**A 1634/præsídiet**

Lagt fram af:
Flokkahópi vinstri sósíalista
og grænna

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Númer skjals 14-00283-1

Þingmannatillaga um að viðurkenna Palestínu sem sjálfstætt ríki

Með þessari tillögu beinir Norðurlandaráð tilmælum til ríkisstjórna og þjóðþinga allra Norðurlandanna um að viðurkenna Palestínu sem fullvalda og sjálfstætt ríki.

Friðarviðræðurnar milli Ísraels og Palestínu hafa gengið mjög hægt og hafa einkennst af sífelldum afturkeppum. Afleiðingarnar hafa verið afdrifaríkar fyrir íbúana og vonina um frið, öryggi og friðsamlega sambúð. Árangurslausar samningaviðræður sí og æ eru meðal annars til komnar vegna valdajafnvægisins milli þjóðanna tveggja. Valdajafnvægið milli Palestínu og Ísraels mun með viðurkenningu beggja ríkja verða jafnara, sem getur stuðlað að framtíðarsýninni um að tveggja ríkja lausnin geti orðið varanleg lausn á deilu Ísraels og Palestínu.

Norðurlöndin ættu í sameiningu – og fyrir tilstilli ESB og SP – að taka þátt í að þrýsta á um viðurkenningu, sem mun geta aukið jöfnuð í samskiptum Palestínu og Ísraels.

Meira en 130 lönd hafa viðurkennt Palestínu sem ríki – nú síðast Ísland og Tæland. Nýja sænska ríkisstjórnin hefur sömuleiðis ákveðið að viðurkenna Palestínu. Áður hafa meðal annars Tékkland, Ungverjaland, Malta og Pólland einnig formlega viðurkennt ríki Palestínumanna.

Öll Norðurlöndin ættu því að fylgja dæmi Íslands og Svíþjóðar um að styðja þróunina í átt að sjálfstæðri Palestínu, sem geti verið til við hlið Ísraels – þar sem bæði eru jafngildir og friðsamlegir grannar.

Viðurkenning er eðlilegt framhald á því að meðal annars Danmörk, Noregur og Ísland, líkt og mörg vestræn ríki, þar á meðal Bretland, Frakkland og Spánn, uppfærðu diplómátísk tengsl við Palestínu í ýmist sendinefnd eða sendiráð.

Viðurkenning á Palestínu sem sjálfstæðu ríki gefur kost á að nýta þann lagalega grundvöll sem nú þegar felst í samþykktum Sameinuðu þjóðanna.

29. nóvember 2012 samþykkti Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna með miklum meirihluta (138:9, 41 sat hjá) að viðurkenna Palestínu sem fullvalda og sjálfstætt ríki. Palestína fékk nýja stöðu sem *non-memberstate* og fulla aðild að ólíkum stofnunum SP. Öll Norðurlöndin kusu með þessari samþykkt.

Palestína vinnur að bættum samskiptum við SP og hefur sótt um aðild að fjölmörgum af stofnunum SP. Nú síðast hefur Palestínu verið veitt innganga í Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO. Kosningin um veitingu inngöngu í UNESCO sýndi að ESB er á leið með að viðurkenna Palestínu. 11 ESB-ríki kusu með, fimm á móti og 11 sátu hjá.

Viðurkenning á Palestínu sem sjálfstæðu ríki mun þar að auki koma sem framhald á grundvallarsamþykktum Öryggisráðsins, þar á meðal nr. 242, 338 og 1397.

Palestína hefur haft áheyrnaraðild hjá SP síðan 1988. Samþykkt SP nr. 242 krefst þess að Ísrael hörfi af palestínsku landsvæði að 1967-landamærunum og leggur áherslu á virðingu og viðurkenningu á fullveldi, friðhelgi yfirráðasvæðis og pólitískt sjálfstæði allra ríkja. (Samþykkt Öryggisráðsins nr. 242: *The Situation in the Middle East* frá 22. nóvember 1967).

Landamæri Ísraels og Palestínu eru óljós og eru hluti friðarviðræðnanna. Viðurkenningin á því að ná til þess landsvæðis sem er skilgreint af landamærunum frá því fyrir 6-daga stríðið árið 1967, þ.e.a.s. landsvæðis sem nær til Vesturbakkans – að meðtalinni AusturJerúsalem – og Gaza-svæðisins með tilheyrandi strandsvæði.

Í ljósi þessa leggur Flokkahópur vinstri sósíalista og grænna til að Norðurlandaráð beini tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna um

að ríkisstjórnirnar í öllum norrænu þjóðþingunum leggi fram tillögu um að þing viðkomandi lands viðurkenni Palestínu sem fullvalda og sjálfstætt ríki;

að Ísraelsmenn og Palestínumenn verði hvattir til – og að fullur stuðningur verði veittur af Norðurlöndum – til að stuðla að friði og sáttum með friðarsamningum sem byggja á alþjóðarétti og samþykktum SP, þar á meðal gagnkvæmri viðurkenningu á Ísraelsríki og ríki Palestínumanna

Reykjavík 7. október 2014

Finn Sørensen (EL)

Høgni Hoydal (T)

Juliane Henningsen (IA)

Marianne Berg (V)

Silvia Modig (vänst)

Steen Gade (SF)

Steingrímur J. Sigfússon (VG)

Torgeir Knag-Fylkesnes (SV)

Norðurlandaráð

A 1634/præsídiet

Lagt fram af:

Flokkahópi vinstri sósíalista og grænna

Fjallað um í:

Forsætisnefnd

Númer skjals 14-00283-1

Norðurlandaráð

A 1634/præsídiet

Lagt fram af:

Flokkahópi vinstri sósíalista og grænna

Fjallað um í:

Forsætisnefnd

Númer skjals 14-00283-1